



Til hamingju Keflavík og UMFN !



Grasrótarkerfni ársins: "Íþróttir fyrir börn með mismunandi stuðningsþarfir"

Grasrótaverðlaun KSÍ eru veitt sem viðurkenningar fyrir starf að grasrótarmálum í knattspyrnu. Verðlaunin, sem eru afhent í aðdraganda ársþings KSÍ ár hvert, eru nú í fyrsta sinn veitt í þremur flokkum:

Grasrótarkerfni ársins - Grasrótarfélag ársins - Grasrótarpersóna ársins

Grasrótaverðlaun KSÍ fyrir árið 2021 í flokknum Grasrótarkerfni ársins hljóta Keflavík og Njarðvík fyrir verkefnið „Íþróttir fyrir börn með mismunandi stuðningsþarfir“. Það voru þau Hjördís Baldursdóttir og Hámundur Örn Helgason sem tóku við verðlaununum fyrir hönd félaganna tveggja frá framkvæmdastjóra KSÍ, Klöru Bjartmarz. Fleiri verðlaun og viðurkenningar ársins verða afhentar næstu daga.

Ungmennafélögin Keflavík og Njarðvík hafa í sameiningu boðið upp á fótboltaæfingar sem ætlaðar eru börnum á aldrinum 6-13 ára með sérþarfir. Öllum þátttakendum er mætt á þeirra eigin forsendum og lögð er áhersla á að vera með fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar sem eru sniðnar að þörfum þeirra sem æfingarnar sækja. Mynd og frétt frá KSÍ

